

krafizt er í máli þessu. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina og ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnandanum kr. 750.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Önnu S. Þorsteinsdóttur f. h. dánarbús Hálfðánar B. Brynjólfssonar, kr. 4800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1952.

Nr. 86/1951. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
gegn

Huldu Hallgrímsdóttur f. h.
dánarbús Gústafs Runólfssonar (Enginn).

Birting stefnu til héraðsdóms. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1951, krefst þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi lét sækja þing, er málið var þingfest í Hæstarétti, og var málinu þá að ósk aðilja frestað. Er málið var síðar

tekið til meðferðar, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda. Málið hefur því verið flutt skriflega og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum, sbr. 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.

Eftirriti því af héraðsstefnu, er stefnuvottar afhentu áfrýjanda og lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er áfátt m. a. að því leyti, að þingfestingardags er þar eigi getið, en af þessum sökum kveðst áfrýjandi ekki hafa sótt þing í héraði. Að svo vöxnu máli og þar sem umrætt eftirrit fullnægir ekki ákvæðum 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 ber að taka til greina kröfur áfrýjanda um ómerkingu og frávísun svo og málskostnað hér fyrir dómi, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Hulda Hallgrímsdóttir f. h. dánarbús Gústafs Runólfssonar, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m. og endurupptekið í dag og að nýju lagt í dóm, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 200. gr. einkamálalaganna af Huldu Hallgrímsdóttur, Vestmannaeyjum, f. h. dánarbús Gústafs Runólfssonar vélstjóra með stefnu, útgefinni 21. maí 1951, birtri sama dag, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu eignatjónsbóta, að fjárhæð kr. 5100.00, með 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Svo krefst stefnandi þess, að sér verði tildæmdur lögveðréttur í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333, eign stefnda, fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndi hefur ekki mætt né látið mæta, og hefur honum þó verið löglega stefnt. Málið verður því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við fyrirmæli 118. gr. einkamálalaganna.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að maður hennar, Gústaf Runólfsson vélstjóri, hafi farizt með m/s Helga, eign stefnda, við Faxasker 7. janúar 1950, og hafi hann þá verið vélstjóri á skipinu. Glötuðust þá allar eigur Gústafs heitins, er hann hafði með sér í skipinu. Telur stefnandi, að samkvæmt reglum nr. 13 frá 30. jan. 1945, sem settar eru samkvæmt heimild í 41. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, beri stefnda sem

eiganda og útgerðarmanni skipsins að greiða dánarbúi hans fébætur fyrir eignir hans, er fórust við sjóslysið.

M/s Helgi Ve. 333 var samkvæmt skipaskrá Vestmannaeyja að stærð 114,75 rúmlestir brúttó og 60,34 rúmlestir nettó. Samkvæmt 2. gr. og niðurlagi 4. gr. reglna nr. 13/1945 ber stefnda að greiða dánarbúinu kr. 1700.00 í bætur fyrir eignatjón við sjóslysið, að viðbætti verðlagsuppbót. Kauplagsvísitalan í janúar 1950 var 300, og nema því bæturnar kr. 5100.00. Verður því krafa stefnanda tekin til greina að fullu og ásamt vöxtum, eins og krafist hefur verið.

Svo þykir og rétt að ákveða, að stefndi greiði stefnandanum kr. 850.00 í málskostnað.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 frá 1. febr. 1936 hefur stefnandi lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Huldu Hallgrímsdóttur f. h. dánarbús Gústafs Runólfssonar, kr. 5100.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 850.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. nóvember 1952.

Nr. 84/1952. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn

Guðna Ragnari Þorgrímssyni
(Ragnar Ólafsson)

og

Júlíusi Magga Magnús (Sigurgeir Sigurjónsson).

Bifreiðaslys. Brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Dómur Hæstaréttar.

Háttsemi ákærða Guðna Ragnars Þorgrímssonar, sem lýst er í forsendum hins áfrýjaða dóms, varðar við refsiboð þau, sem þar eru talin. Þykir refsing ákærða af héraðsdómara